

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1079

Dagsetning: 2. september 2025 klukkan 13:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Helgi Þorsteinsson (HB), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK) sat fundinn undir liðum 1 til 11, Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Sigurborg Jónsdóttir (SJ) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Afgreiðslu fundargerðar framkvæmdastjórnar HH frá 26. ágúst 2025 var frestað.

2. Skipa fulltrúa í starfshóp

Óskað hefur verið eftir að HH skipi fulltrúa í starfshóp embættis landlæknis sem fjalla á um þá heilbrigðisþjónustu sem veita á sjúklingum með PAIS, langvinnt covid, ME, POTS og skylda sjúkdóma. Framkvæmdastjórn ákvað að tilnefna NSK sem fulltrúa HH í starfshópnum.

3. Boð um þátttöku á málþingi

Félag eldri borgara heldur hefur boðið HH að taka þátt í málþingi um ofbeldi gegn eldri borgurum. Ákveðið var að biðja Heimahjúkrun HH um að taka þetta verkefni að sér.

4. Starfsmannamál

Umræður um ýmis starfsmannamál.

5. Húsnæðismál

Rætt var um merkingar á utanverðu húsnæði HH við Álfabakka 16. Samþykkt var tillaga að merkingu. Einnig var rætt um að kaupa næðisrými fyrir skrifstofu. Ákveðið var að byrja á að kaupa einn eins manns klefa og meta þörf fyrir fleiri rými í framhaldinu.

6. Farsæld barna

Rætt var um erindi frá Ríkisendurskoðun um farsæld barna. ÍDH og RÓE hafa tekið að sér samskipti við Ríkisendurskoðun vegna málsins.

7. Samskiptasáttmáli

Starfshópur sem unnið hefur að samskiptasáttmála fyrir stofnunina hefur skilað lokadrögum. Rætt var um niðurstöðuna og hún samþykkt án breytinga. Ákveðið var að láta hana veggspjöld og grafík fyrir Workvivo.

8. Jólagjöf fyrir starfsfólk

Rætt var um tillögur að jólagjöf fyrir starfsfólk og tekin ákvörðun um gjöf.

9. Ímyndaráttak

Rætt var um ímyndarmál HH og ákveðið að vinna markvisst að því að auka sýnileika HH í fjölmiðlum í vetur. Samskiptastjóra var falið að vinna áætlun vegna málsins.

10. Persónuverndarmál

Rætt var um minnisblað um stöðu persónuverndarmála hjá HH og fyrirhuguð svör til Persónuverndar um samninga um sameiningu sjúkraskráa við aðrar heilsugæslustöðvar.

11. Hvatningarverðlaun HH á Fræðadegi 2025

Umræður um hvort taka eigi upp hvatningaverðlaun fyrir starfsfólk sem hægt væri að veita á Fræðadegi á komandi hausti. Einnig var rætt um að veita starfsheiðranir við sama tækifæri. Samþykkt var að færa starfsheiðranir á Fræðadag og skoða áfram hvort veita eigi hvatningarverðlaun.

12. Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu

Rætt var um stöðuna á Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu og fyrirhugað samráð við hagaðila um skipulag miðstöðvarinnar.

Aðgerðir og verkefni

- Upplýsa þarf um tilnefningu NSK í starfshóp, sjá lið 2.
Ábyrgð: SDM
- Biðja þarf Heimahjúkrun að taka þátt í málþingi Félags eldri borgara, sjá lið 3.
Ábyrgð: BJ
- Upplýsa þarf innkaupadeild og fasteignaþjónustu um niðurstöðu um merki og næðisrými, sjá lið 5.
Ábyrgð: BJ
- Halda þarf áfram samskiptum við Ríkisendurskoðun, sjá lið 6.
Ábyrgð: ÍDH og RÓE
- Upplýsa þarf mannauðssvið um niðurstöðu varðandi samskiptasáttmála svo hægt sé að vinna grafíska útfærslu á sáttmálanum, sjá lið 7.
Ábyrgð: BJ
- Upplýsa þarf mannauðssvið um niðurstöðu varðandi jólagjöf, sjá lið 8.
Ábyrgð: BJ
- Vinna þarf áætlun tengt ímyndaráttaki, sjá lið 9.
Ábyrgð: BJ
- Vinna þarf áfram með persónuverndarmál stofnunarinnar og undirbúa svar til Persónuverndar, sjá lið 10.
Ábyrgð: SDM og NSK

- Vinna þarf að samráði við hagaðila um framtíð Þróunarmiðstöðvar íslenskrar heilsugæslu, sjá lið 12.
Ábyrgð: SDM

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 15:45.